

Íslenska 2018-2019

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda virkrar þáttöku í samfélagini.

Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því. Þeir þurfa því að fá ríkuleg tækifæri til að kynnast áhrifamætti þess og margbreytileika. Miklu skiptir að nemendur átti sig á hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmýnd og framtíð í námi og starfi í lýðræðisþjóðfélagi.

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í íslensku sett fram í fjórum flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf; Lestur og bókmenntir; Ritun og Málfræði. Á blaðsíðum 101-105 í 19. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um íslensku, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá: Í 6. bekk er miðað við hæfniviðmið í íslensku við lok 7. bekkjar en til nánari skýringar er vísað í gátlista í íslensku fyrir 6. bekk.

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

2. bekkur

Nemendur 2. bekkjar eru 9 kennslustundir á viku í íslensku. Kennari er Hrafnhildur Valgarðsdóttir. Leitast verður við að sambætta íslenskuna við aðrar bóklegar námsgreinar.

Kennsluhættir

Talað mál, hlustun og áhorf: Nemendur taka þátt í umræðum í bekknum og segja frá eigin brjósti, meðal annars í verkefninu *að sýna og segja frá*. Um leið þjálfast þeir í hlustun því þeir þurfa að sýna kurteisi og tillitssemi og hlusta á þann sem er með orðið hverju sinni. Þeir taka þátt í söngstund þar sem þeir þjálfast í tjáningu og hlustun á tónlist. Nemendur fá leiðsögn um að beita skýrum framburði þegar þeir eru að tjá sig, flytja ljóð, vísur, þulur og lesa upphátt. Þeir æfast í leikrænni tjáningu og fá tækifæri til að koma fram fyrir aðra m.a. í skólaútvarkinu og á jóla- og vorhátíðum. Á hátíðunum horfa þeir líka á skólafélaga sína sýna söng- og/eða leikatriði. Nemendur spila og hlusta á samnemendur sína á yngsta stigi spila á jóla- og vortónleikum tónlistarskólans. Í ávaxta- og nestisstund hlusta nemendur á kennara lesa sögur. Þeir fá tækifæri til að lesa eigin sögur og aðra ritun upp fyrir bekkjarfélaga sína.

Lestur og bókmenntir: Nemendur fara í upprifjun á bókstöfunum. Lestrarkennslan byggist á fjölbreyttum nálgunum á lestri s.s. á þjálfun hljóðkerfisvitundar og umskráningarfærni, auka orðaforða og lesskilning ásamt einstaklingslestri heima og í skólanum. Sögustundum, umræðum um lesna texta og ferðum á bókasafnið er m.a. ætlað að efla bókmenntaáhuga nemenda. Mikilvægt er að foreldrar örvi börnin í lestri, hlusti á þau lesa heima a.m.k. 5x í viku, í 10-15 mínútur hvert skipti, lesi daglega fyrir þau og ræði efni og innihald textanna bæði sem börnin og foreldrarnir lesa.

Ritun: Nemendur fá aukna þjálfun í ritun, þar sem lögð er áhersla á að dregið sé rétt til stafs og að þeir nái upp meiri skriftarhraða.

Málfræði: Ýmis munnleg og skrifleg verkefni sem og leikir, sem eru samofin öðrum þáttum íslensku kennslunnar, nýtt til að kenna nemendum málfræðihugtök.

Námsgögn

Kennsluefnið *Lestrarlandið* sem er samsett af lestrarbók, sögubók og vinnubók, *Markviss málörvun*, *Ritrún*, *Ás*, *Ítalíuskrift 1 – 2*, *Við lesum A og/eða B*, stafaspjöld, lestrarbækur af lestrarlista 1 og 2, þulur og ljóð til kennslu 2.bekkjar, ýmsar sögur og ævintýri, ljósrituð verkefnablöð og vinnuhefti, bækur af bókasafni að eigin vali, stafakubbar, kennsluforrit á netinu, stafaspil, lestrarspil og ýmis konar myndaspjöld sem notuð eru til finna forhljóð, rím o.fl..

Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima.

Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.